STJÓRNARTÍÐINDI A 26 – 1993

Nr. 113 500 14. desember 1993

LÖG

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „botnfisktegundar" í 4. mgr. 10. gr. laganna koma orðin: og síldar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðbirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka yfirstandandi veiðitímabils síldar skulu síldveiðar við það miðaðar að allur aflinn fari til manneldisvinnslu. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæði.

Gjört í Reykjavík, 14. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Stjórnartíðindi A 26, nr. 113. Útgáfudagur 14. desember 1993.

Steindórsprent Gutenberg hf.